

## 102/01 - Bylgja VE 75

Bylgja VE 75, skipverji slasast við trolltöku

### Bylgja VE 75

**Skipaskr.nr.:** 2025

**Smíðaður:** Akureyri 1992 Stál

**Stærð:** 277,44 brl; 451,00 bt

**Lengd:** 36,63 m **Breidd:** 8,60 m **Dýpt:** 6,50 m

**Vél:** Yanmar 730,00 kW **Ágerð:** 1991

**Annað:**

**Földi skipverja:** 18



### Atvikalýsing

Þann 21. nóv. 2001 var Bylgja VE á togveiðum austur af landinu. Veður: SV 17-20 m/sek. og töluverður sjór.

Skipverjar voru að taka inn trollið og grandararnir komu allir upp í sömu rennunni í stað þess að koma beggja megin. Skipverji gaf spilmanni merki um að stöðva en fyrir misskilning hífði hann. Við þetta brá skipverjanum og hann kastaði sér til hliðar bakborðsmeginn og lenti með hægri síðuna í járnugga á dekkinu og við það brotnuðu tvö rif í skipverjanum.

### Við rannsókn kom fram

- að spilmaður sá ekki vel hvað gerðist og heyrði ekki þegar skipverjinn kallaði sökum hávaða í spilum og á dekki.

### Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í þessu máli en hvetur menn til að haga vinnulagi í meðfórum spila þannig að fyllsta öryggis sé gætt og merkjagjafir á milli aðila séu skýrar og taki mið af aðstæðum.